



KPMG ehf.  
Borgartún 27  
105 Reykjavík

Sími 545 6000  
Fax 545 6001  
Veffang www.kpmg.is

## Staðfesting á skýrslu um fjárhagsleg- og sérstök skilyrði vegna prófunar í tengslum við nýja útgáfu

Umboðsmenn kröfuhafa og  
Hagar hf.  
Holtavegi 10  
104 Reykjavík

### Staðfesting á skýrslu um fjárhagslegar og sérstakar kvaðir sem byggir á umsömdu verklagi vegna skuldabréfaflokks HAGA161127

Vísað er til veðhafa og veðgæslusamkomulagsins, dags. 19. janúar 2023, og samnings við staðfestingaraðila, dags. 19. janúar 2023. Hugtök sem skilgreind eru í veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu við staðfestingaraðila skulu hafa sömu merkingu og þeim er þar gefin.

Vísað er til skýrslu útgefanda um fjárhagsleg- og sérstök skilyrði, dags. 17. október 2024, varðandi útgáfu nýs skuldabréfaflokks, sbr. grein 4 í samningi útgefanda við staðfestingaraðila.

Staðfestingaraðili hefur farið yfir skýrslu útgefanda um fjárhagslegar og sérstakar kvaðir og aðrar upplýsingar sem skýrslan byggir á. Að lokinni sjálfstæðri yfirferð eru niðurstöður staðfestingaraðila eftirfarandi:

Þann 31. ágúst 2024 voru viðkomandi fjárhagslegar og sérstakar kvaðir eftirfarandi miðað við árs hlutareikning:

#### 1. Eiginfjárlutfall

Eigið fé Haga þann 31. ágúst 2024 nam 28.282 m.kr. Heildareignir skv. efnahagsreikningi sama dag námu 80.965 m.kr. Eiginfjárlutfall Haga þann 31. ágúst 2024 er því **34,9%**.

Fjárhagslegar kvaðir í skuldabréfaflokknum, HAGA161127, er að eiginfjárlutfall sé eigi lægra en 25%.

Yfirferð staðfestingaraðila á fjárhagslegum og sérstökum kvöðum samræmist mati útgefanda og skýrsla um fjárhagslegar og sérstakar kvaðir því staðfest.

Reykjavík, 1. nóvember 2024

Fyrir hönd staðfestingaraðila,  
**KPMG ehf.**